

## Halla sendir vinnumenn til sláttar

Skrifað af Strandagaldur  
Miðvikudagur, 09. Nóvember 2005 23:23

---

Á einhvörju sumri sendi Straumfjarðar-Halla húskarla sína til sláttar upp á Mýrar að Heyvatni; svo heitir þar vatn eitt mikið; heitir þar Ljónsnes er þeir skyldu slá og lét hún þá liggja við tjald. Þar stendur steinn einn mikill og er hann kallaður Grásteinn; á stein þenna bauð Halla húskörlum að leggja alla ljáina á hvörju kvöldi er þeir hefðu leyst úr orfum, og mundur þeir þá finna þá steininum dengda á morgni hverjum, en fyrir því tók hún þeim vara að líta nokkurn tíma í egg ljáunum. Gjörðu nú húskarlar eins og þeim var boðið, og fór nú svo fram um hríð að þeir fundu ljáina dengda á steininum á hvörjum morgni og þótti bíta eins og í vatn brygði. Tók nú einn húskarla að gruna að eitthvað mundi Höllu hafa til gengið er hún bannaði að líta í egg ljáunum, og vildi vita hvörnig við brygði ef út af væri brugðið, og lítur hann því í egg ljá sínum. Sér hann þá að ljárin er ekki annað en mannsrif eitt og í sama veffangi fer eins með alla ljáina, að þeir verða að mannsrifjum, og hljóta þeir því að hætta slættinum og leggja heim, og mislíkaði Höllu þá mjög.

*Þjóðsögur Jóns Árnasonar,*

*I. bindi, bls. 495*

*(eftir handriti séra Þorkels Eyjólfssonar)*